

Fundargerð 416. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2019, föstudaginn 18. október kl. 13:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Hanna Björg Konráðsdóttir, Lúðvík Geirsson og Björn Arnaldsson. Í fjarfundarbúnaði voru Guðmundur M Kristjánsson og Pétur Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 415. fundar - 1901002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 415. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 26. september 2019.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Siglingaráð - 1712003HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 18. fundar siglingaráðs frá 5. september 2019.

3. Samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 1704004HA

Lögð fram til kynningar fundargerð samráðsfundar Fiskistofu og Hafnasambands Íslands, dags. 5. júní 2019.

Birni og Lúðvík, sem er fulltrúi hafnasambandsins í samráðshóp um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni, falið að taka saman helstu upplýsingar úr fundargerðinni og tengjast vigtun sjávarafla og senda á stjórnina.

4. Siglingasvið Vegagerðarinnar og tengsl við hafnir - 1903004HA

Rætt um stöðu hafnamála hjá Vegagerðinni en Lúðvík Geirsson og Guðmundur Kristjánsson voru tilnefndir sem tengiliðir hafnasambandsins við Vegagerðina.

Ákveðið að fela Guðmundi og Lúðvík að óska eftir fundi til að ræða málið en engin samráðsfundur hefur verið haldinn með fulltrúum hafnasambandsins.

5. Fundur um verðmyndun og útflutningur í gegnum hafnir - 1910002HA

Formaður gerði grein frá fundi með atvinnuveganefnd Alþingis sem fram fór 10. október 2019. Einnig lagður fram tölvupóstur frá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 16. október 2019, þar sem óskað er eftir afstöðu hafnasambandsins á tekjum hafna þegar fiskur er sendur óunninn út.

Formaður lagði fram minnisblað um útflutning á óunnum fiski, dags. 16. október 2019, á fundinum og var ákveðið að senda það á Samtök sjávarútvegssveitarfélaga.

6. Vorfundur 2020 - 1910003HA

Rætt um vofund stjórnar 2020.

Starfsmanni falið að hefja undirbúning.

7. Drög að fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034 - 1910004HA

Lögð fram drög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034, mál nr. 257/2019.

Hafnasamband Íslands fjallaði um samgönguáætlanir fyrir árin 2020 til 2024 og 2020 til 2034 á fundi sínum þann 18. október s.l. Hvað hafnarmál varðar þá ber samgönguáætlun til ársins 2024 með sér að framlög til framkvæmda í höfnum verði eftirfarandi:

Árið 2020 - 923 m.kr.

Árið 2021 - 1.023 m.kr.

Árið 2022 - 1.023 m.kr.

Árið 2023 - 1.073 m.kr.

Árið 2024 - 1.062 m.kr.

Áætlun til ársins 2034 virðist gera ráð fyrir sambærilegu fjármagni til framkvæmda í höfnum út tímabilið.

Athygli vekur að í upptalningu framkvæmda og umfjöllun er ekki getið framkvæmda í nokkrum höfnum þ.e. höfnum Fjarðabyggðar, Hafnarfirði, Kópavogi og Faxaflóahöfnum. Tilgreint er í langtímaáætluninni að þær hafnir annist framkvæmdir fyrir eigið aflafé. Í samgönguáætlun til ársins 2024 er kemur hins vegar eftirfarandi fram: „Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. hafnalaga skal framlag ríkissjóðs ekki raska ótilhlýðilega samkeppni milli hafna samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Eftirtaldir hafnir fá ekki ríkisstyrk vegna þessa ákvæðis: Faxaflóahafnir, Kópavogshöfn, Hafnarfjarðarhöfn og hafnir í Fjarðabyggð.“ Hafnasamband Íslands telur mikilvægt að samgönguyfirvöld geri höfnum grein fyrir þeim viðmiðunum og reglum sem gilda um þær hafnir sem tilgreindar eru og með hvaða hætti þær geti haft áhrif á aðrar hafnir í framtíðinni.

Þá telur stjórn Hafnasambands Íslands að rými sé fyrir talsvert meiri umfjöllun um hafnir í þeim tveimur samgönguáætlunum sem lagðar eru fram. M.a. þar sem ítarlegar verði fjallað um þróun flutninga til og frá Íslandi, þróun í komum farþegaskipa, aðgerðir í orkuskiptum í höfnum, tækifæri í höfnum til hagvaxtar og atvinnusköpunar og stefnu varðandi hafnamál almennt. Athygli er vakin á því að þó svo að flutninga- og fiskihafnir séu í eigu sveitarfélaga þá eiga sveitarfélögin engan fulltrúa í Samgönguráði. Hafnasambandið telur því mikilvægt að eigendur hafna hafi aðkomu að gerð samgönguáætlana.

8. Ráðgjafanefnd hagsmunaaðila - 1904002HA

Hanna Björg Konráðsdóttir gerði grein fyrir fundi ráðgjafanefndar um vatnamál sem fram fór 17. október sl.

Fundi var slitið kl. 15:15

Gísli Gíslason

Guðný Hrund Karlsdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Lúðvík Geirsson

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson

2. fundur samrásnefndar Fiskistofu og Hafnarsambands Íslands.

Haldinn á starfsstöð Fiskistofu í Dalshrauni 1 í Hafnarfirði, miðvikudaginn 5. júní 2019 kl. 13:15.

Mættir voru:

Frá Hafnarsambandi Íslands: Björn Arnaldsson og Sigurður A. Kristmundsson

Frá Fiskistofu: Hreiðar Eiríksson, Sævar Guðmundsson og Njáll Ragnarsson sem jafnframt ritar fundargerð.

Fyrir fundinum lá dagskrá sem send var til allra fulltrúa í hópnum 4. júní 2019.

Samantekt fundarins:

1. Persónuvernd gaf út álit þann 31. júlí 2017 um aðgang Fiskistofu að gögnum úr myndeftilritskerfum hafna og mat það sem svo að um söfnun á viðkvæmum persónuupplýsingum sé að ræða. Þannig sé ekki hægt að afhenda myndefni hafna til Fiskistofu, heldur einungis lögreglu. Óskað verður eftir því við persónuvernd að nýtt álit verði gefið út skv. þeim lögum sem gilda í dag.
2. Samstarfsyfirlýsing Hafnarsambands Íslands og Fiskistofu um framkvæmd vigtunar og eftirlit var rædd lið fyrir lið.
3. Vigtun og skráning á eldisfiski var rædd líkt og gert hefur verið innan stjórnar Hafnarsambandsins. Hópurinn telur eðlilegt að hafnarsambandið sendi erindi um málið til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um hvort X. kafli reglugerðar 745/2016 um vigtun og skráningu sjávarafla taki til vigtunar á eldisfiski, öðrum en þeim sem alinn er til áframeldis.
4. Fundargerðir hópsins verða lagðar fyrir stjórn Hafnarsambands Íslands, þ.m.t. 1. fundar hópsins sem haldinn var 10. maí sl.
5. Hópurinn telur eðlilegt að samhæfa verklag við vigtun sjávarafla í höfnum landsins. Farið verður í samstarfsverkefni milli Fiskistofu og ákveðinna hafna til að koma þessu verkefni af stað. Frekari vinna við verkefnið hefst í haust.
6. Hópurinn var sammála um að Hafnarsambandið og Fiskistofa beiti sér í sameiningu fyrir því að stífari kröfur um vigtunarbúnað verði sett í regluverk um endurvigtun sjávarafla, t.a.m. að til staðar þurfi að vera sjálfvirkar vogir sem vigta allan afla með samfelldum hætti.
7. Ræddar voru hæfisreglur löggildra vigtarmanna nr. 650/2007. Mikilvægt er að hafnir tryggi að vigtarmenn í þjónustu þeirra séu ávallt meðvitaðir um hæfi sitt þegar þeir stunda vigtun á hafnarvog.
8. Næsti fundur hópsins verður haldinn í byrjun september.